

Fyrirspurn

til forseta Alþingis um eftirlit með sérfræðikostnaði þingmanna utan þingflokkja.

Frá Smára McCarthy.

Hvernig er eftirliti háttað með fjárreiðum sérfræðiaðstoðar þingmanna sem standa utan þingflokkja og eru af þeim sökum ekki hluti af samstæðureikningi stjórnrmálasamtaka?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um fjármál stjórnrmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006, skulu stjórnrmálasamtök halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambond, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Undir þessa samstæðureikninga falla fjármál þingflokkja á Alþingi, þ.m.t. fjármagn til sérfræðiaðstoðar þingflokkja. Engin ákvæði er að finna í lögunum um eftirlit með fjármunum sem fara frá ríki til þeirra þingmanna sem ekki teljast til þingflokkja á Alþingi.